



Matsþættir	VÆGI	10-8 stig	7-4 stig	3-0 stig
Lýsing verkefnis	20%	Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, markmiðin ljós, rökstuðningur góður og afurð verkefnisins ljós. Aldur áhorfenda/pátttakenda er mjög skýr og viðeigandi miðað við lýsingu verkefnis.	Lýsing á verkefninu takmörkuð, markmið og rökstuðningur í lagi, líklegt að verkefnið skili ásættanlegum viðburði. Aldur áhorfenda/pátttakenda er nokkuð skýr miðað við lýsingu verkefnis.	Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi, markmið óljós, rökstuðningur takmarkaður og afurð óljós. Ekki er alveg ljóst fyrir hvaða aldur verkefnið hentar.
Kostnaðaráætlun /Fjármögnun	10%	Kostnaðaráætlun og fjármögnun skýr og líkleg til að ganga eftir, vel sundurliðuð, trúverðug.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ásættanleg.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ófullnægjandi.
Tengsl við markmið og þema hátíðarinnar	15%	Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum og þema Skúnaskralls.	Verkefnið fellur að markmiðum og þema Skúnaskralls að nokkru leyti.	Ekki ljóst hvernig verkefnið tengist markmiðum eða þema Skúnaskralls.
Staðsetning	15%	Verkefnið fer fram í öllum sveitarfélögum landshlutans.	Verkefnið fer fram í tveimur eða fleiri sveitarfélögum landshlutans.	Verkefnið fer fram í einu sveitarfélagi landshlutans.
Samfélagsleg áhrif / virði	10%	Miklar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum áhrifum á einn eða fleiri þætti: menningu, mannlíf og samfélag.	Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og virði fyrir samfélagið.	Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif og virði þess fyrir samfélagið óljóst.
Hæfni	10%	Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að mjög líklegt þykir að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á sannfærandi og fullnægjandi hátt.	Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að líkur eru á að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á fullnægjandi hátt.	Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er ekki lýst á þann hátt í umsókn að það styðji við að verkefnið verði unnið á fullnægjandi hátt
Líkur	5%	Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga miðað við ofangreinda þætti. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda eindregið til þess að verkefnið muni ganga vel.	Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga m.v. ofangreinda þætti. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda til þess að verkefnið muni ganga vel.	Mjög litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga m.v. ofangreinda þætti, bakgrunnur umsækjenda og/eða forsendur verkefnisins.
Listræn / menningarleg þátttaka	15%	Verkefnið er byggt upp á virkri þátttöku ungmenna bæði í sköpun og sýningu.	Verkefnið er byggt upp á þátttöku ungmenna annað hvort í sköpun þess eða sýningu.	Verkefnið krefst hvorki þátttöku ungmenna í sköpun né sýningu. Þau eru áhorfendur.